


Nokkrir angar smábátaútgerðarinnar

Landsamband smábátaeigenda hefur ekki setið auðum höndum á árinu sem nú er að kveða fremur en önnur frá stofnun þess 5. desember 1985. Fyrirferðamest í starfi LS á árinu er tengt baráttu fyrir leiðréttingu veiðigjalda, strandveiðum, grásleppuveiðum og línuívilnun.

Grásleppuvertíðin 2018 og horfur á næsta ári

Grásleppuvertíðin hófst að venju þann 20. mars. Væntingar smábátaeigenda voru í meðallagi góðar bæði hvað markað fyrir hrognin og verð. Veiðitími var ákveðinn 44 dagar á hvert veiðileyfi sem var í hærri kantinum þegar tekið var mið af undanföllum 5 árum, en er meðaltal 11 ára tímabils eða frá því ákveðið var auka við stjórnun veiðanna með dagatakmarkunum innan ákveðinna tímabila sem heimilt var að stunda veiðarnar.



Alls stunduðu 222 bátar grásleppuveiðar 2018, sem var nokkru færri en búist hafði verið við. Af þeim sökum hefði mátt hafa veiðidaga nokkru fleiri en ákveðið var. Afrakstur vertíðarinnar var góður. Allt seldist jafnóðum og engar birgðir mynduðust. Verð fór hækkandi eftir því sem leið á vertíðina.

Heildarveiði á vertíðinni nam 4.487 tonnum sem umreiknað í söltuð hrogn til vinnslu um 900 tonn. Grásleppan var nánast öll seld óskorin til vinnslu sem skilaði 940 milljóna aflaverðmæti.

Þegar þetta er ritað hefur Hagstofan birt tölur um útflutningsverðmæti fyrstu 10 mánuði ársins og ljóst er að verð hefur hækkað verulega milli ára




á frosinni grásleppu, grásleppukavíar og söltuðum grásleppuhrognum. Af tölunum má sjá að útflutningsverðmæti fer upp fyrir 2 milljarða þegar árið verður gert upp.

Aðstæður á mörkuðum eru því vænlegar fyrir næsta ár, þó alltaf þurfi að hafa varan á hvað framboð snertir. Grásleppukarlar hafa gegnum tíðina kynnst ótrúlegum verðsveiflum sem einkum hafa ráðist af framboði og eftirspurn.

Vertíðin 2019 nálgast með ógnarhraða. Nokkur óvissu gætir um veiðifyrirkomulag þar sem Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegsráðherra er þeirrar skoðunar gera þurfi breytingar á veiðistjórnuninni. Hvort byggt verður á svipuðu veiðifyrirkomulagi og verið hefur (veiðidagar) eða magntakmörkunum á hvern bát er í höndum ráðherra. LS hefur lagt áherslu á að gera þurfi breytingar á núverandi veiðifyrirkomulagi. Að ákvörðun um heildarfjölda daga liggja fyrir fyrir, heimilað verði að sameina leyfi og að gera hlé á veiðum þar sem veiðidagar telji ekki á þeim tíma.

Hvort markaðsaðstæður stýri því eingöngu hver þátttaka í veiðunum á vertíðinni 2019 er því enn á huldu.




Mikilvægt að línuívilnun nái til allra dagróðrabáta

Línuívilnun dagróðrabáta var komið á í desember 2003 og kom að fullu til framkvæmda á fiskveiðiarinu sem hófst 1. september 2004. Ívilnað var í þorski, ýsu og steinbít fyrstu 10 árin en frá þeim tíma bættust karfi, langa og keila við.

Óumdeilt er að allar götur fram að síðasta fiskveiðiarinu hefur línuívilnun nýst afar vel. Auk þess að greiða fyrir atvinnu í landi hefur hún stuðlað að því að línuútgerð smábáta hefur eflst og tryggt stöðugt framboð af hágæða afla.

Á þeim 14 árum sem línuívilnun hefur verið hafa að meðaltali 210 bátar notið hennar og fjöldi byggðarlaga að meðaltali 48. Flestir hafa bátarnir verið 300 og gerðir út frá 52 útgerðarstöðum.

Landsamband smábátaeigenda hefur á undanföllum árum hvatt stjórnvöld til að auka ívilnun í 30% og að allir dagróðrabátar minni en 30



brúttóttónn fái ívilnun. Það voru LS vonbrigði að ekki hafi verið brugðist við kröfunni á síðast liðnu fiskveiðiarinu þar sem ljóst var að ívilnunin átti undir högg að sækja. Aðeins 112 bátar nýttu sér línuívilnun þá og 30% vantaði upp á fulla nýtingu í þorski og ýsu. Krafa LS fær nú meiri þunga vegna þessa.

Spenna yfir nýju fyrirkomulagi strandveiða

Strandveiðar voru stundaðar með breyttu fyrirkomulagi á árinu 2018. Ákveðið var að dagar yrðu fast settir 12 í hverjum mánuði – maí, júní, júlí og ágúst. Við upphaf umræðna um breytingarnar lögðust þær vel í menn þar sem ekki var gert ráð fyrir að veiðar yrðu stöðvaðar þó ákveðinni viðmiðun yrði náð. Enda bentu útreikningar sem byggðir voru á 8 ára meðaltali til þess að afli sem ætlaður væri til veiðanna mundi duga.

Allt ætlaði hins vegar um koll að keyra þegar sjávarútvegsráðherra tilkynnti að breytingarnar væru háðar því skilyrði að heimilt yrði að stöðva veiðar samtímis á öllum svæðum ef heildarafli færi umfram þann viðmiðunarafla sem ætlaður væri til veiðanna.


Strandveiðimenn hófu veiðar í þessari óvissu og voru sumir mjög óánægðir með breytinguna og töldu að verið væri að skerða þeirra hlut. Þegar upp var staðið kom hins vegar í ljós að svo var ekki. Heildarafli var undir viðmiðun og allir höfðu því heimild til að stunda veiðarnar í 12 daga í hverjum mánuði alls 48 daga.

Athygli vakti að nokkru færri bátar voru á strandveiðum sumarið 2018 en verið höfðu undanfarin ár. Ýmsar skýringar voru nefndar, lágt fiskverð í upphafi, betri afkoma með því að stunda veiðar á leiguvóta, makrílveiðar, veiðigjald ofl. Með öðrum orðum nægilega góð afkoma af strandveiðunum var ekki tryggð.

LS hefur sett sér það markmið að tryggja 48 veiðidaga til strandveiða. Breyta þarf lögum um stjórn fiskveiða til að markmiðið náist og mun LS berjast fyrir því að Alþingi samþykki þær breytingar.

Óumdeilt er að strandveiðar koma sér afar vel fyrir hinar dreifðu byggðir. Nýting hafnarmannvika, aukið framboð á gæða fiski, þær glæða mannlíf og minnka spennu innan stjórnkerfis fiskveiða svo eitthvað sé nefnt. Stjórnvöld þurfa því ekki að velkjast í vafa um gildi þeirra þegar

byggðarsjónamið dreifbýlisins eru til umræðu – ein öflugasta byggðaaðgerð síðari ára. Atvinnugrein sem veitir fjölda starfa án fyrirgreiðslu og ærins kostnaðar, auk þess að falla afar vel við markmið laga um stjórn fiskveiða.



Vonbrigði að veiðigjald hafi ekki verið leiðrétt

Frá því í mars 2017 hefur LS barist fyrir leiðréttingu veiðigjalda. Félagsmenn eru sáttir við að greiða fyrir afnot af auðlindinni en eru ósáttir með að gjaldið taki ekki mið af afkomu þeirra.

Þegar gengið er frá þessari grein til prentunar er búið að vísa frumvarpi um veiðigjald til atvinnuveganefndar sem undirbýr það til þriðju og síðustu umræðu.

Það voru LS gríðarleg vonbrigði að ofgreiðslur gjaldsins hjá smábátaútgerðinni á síðasta fiskveiðiarinu og því almanaksári sem nú kveður skuli ekki hafa verið leiðréttar. Ekki síst þar sem frumvarp um málefnið var komið fram í atvinnuveganefnd í júní síðstliðnum sem naut stuðnings ríkisstjórnarinnar. Það komst hins vegar ekki á dagskrá Alþingis og dagaði því uppi í nefndinni.

Frumvarp sjávarútvegsráðherra á yfirstandandi þingi kom því á óvart þar sem þar var enga leiðréttingu að finna, þrátt fyrir skýr skilaboð þar um frá meirihluta atvinnuveganefndar við umræðu um málið í júní. Engin skýring hefur verið gefin á þessum sinnaskiptum.

Málefni smábátaeigenda voru þó í engu gleymd. Áherslan var hjá litlum og meðalstórum útgerðum. Mikilvægar breytingar voru gerðar í atvinnuveganefnd þar sem afsláttarþröskur var hækkuð. Í stað þess að frítekjumark væri 20% af fyrstu 4,5 milljónum álagningarinnar og 15% af næstu 4,5 milljónum lagði nefndin til að markíð yrði 6 milljónir - 40% afsláttur af gjaldinu upp að þeirri upphæð.

Óumdeilt er að tillaga atvinnuveganefndar mun koma meir til móts við smábátaútgerðina en upphaflegt ákvæði um frítekjumark.

Við samningu greinarinnar hafði höfundur að leiðarljósi að veita lesendum innsýn í ákveðna þætti smábátaeigenda og útgerðar þeirra.

Óska lesendum og fjölskyldum þeirra gleðilegrar hátíðar.